

## BRUNAVARNIR Á TJALDSVÆÐUM

### INNGANGUR

Leiðbeiningablað þetta fjallar um eldhættu sem er til staðar við venjulega notkun tjaldsvæða og um varnir gegn henni.

Á tjaldsvæðum búa menn gjarnan í mikilli nálægð við nágretta og oft í umhverfi sem er þeim ókunnugt. Notkun útigrilla er almenn, þá bæði kola- og gasgrilla. Grillin eru gjarnan staðsett þar sem skjólið er mest, oft milli tjalda eða hjólhýsa og matseld fer nánast öll fram við gasloga.

Það eitt að vera með opinn eld nærri tjaldi eða ferðavagni skapar alltaf mikla hættu á íkveikju. Því allt umhverfið er auðbrennanlegt - gróðurinn, ferðavagnarnir og tjöldin. Enda er ekki óalgengt að í ferðavögnum og tjöldum séu efni sem bæði er auðvelt að kveikja í og sem brenna mjög hratt. Síðan eru tjaldsvæði gjarnan staðsett fjarri stöðvum slökkviliða þannig að þegar kviknar í þá getur tjón orðið verulegt. Því er mikilvægt að vel sé hugað að brunavörnum á tjaldstæðum.

### SKÝRINGAR OG GILDISSVIÐ

Tekið skal fram að orðið tjaldsvæði er hér notað sem samheiti yfir tjaldsvæði og hjólhýsasvæði ætlað ferðamönnum til dvalar gegn gjaldi í skamman tíma – þessar leiðbeiningar gilda aðeins fyrir slík svæði. Síðan er vakin athygli á að orðið ferðavagn er hér notað sem samheiti yfir húsbíla, hjólhýsi, tjaldvagna og fellihýsi.

### ÁÆTLUN UM VIÐBRÖGÐ VIÐ ELDSVOÐA

Tjaldsvæði eru starfsleyfis skyld. Samræmd leyfis skyldir Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga fyrir hjólhýsa-, smáhýsa- og tjaldsvæði má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Í þessum leiðbeiningum, kafla 6, kemur fram ákvæði um slysa- og öryggismál: „...að rekstraraðila beri að hafa neyðaráætlun ef upp koma alvarleg slysa eða hættur.“ Með tilvísun til þess að eldsvoði skapar almannahættu verður að líta svo á að áætlun um viðbrögð við eldsvoða sé hluti þeirrar neyðaráætlunar sem þarf að gera fyrir tjaldsvæði – Áætlun um viðbrögð við eldsvoða þarf síðan að vinna í samráði við viðkomandi slökkvilið.

*Á hverju tjaldsvæði þarf því að vera til neyðaráætlun þar sem fram koma upplýsingar um það hvernig brugðist skal við eldsvoða og hvert sé hlutverk hvers aðila.*

### FORVARNIR

Það er hlutverk eiganda og/eða rekstraraðila tjaldstæðis að tryggja fullnægjandi forvarnir gegn eldsvoða. Segja má að forvarnir tjaldsvæða geti flokkast í þrjá megin flokka. Þar er fyrst að nefna þætti tengda skipulagningu og uppbyggingu svæðisins, t.d. stærð svæðis aðkomu og því hvernig tjöldum og ferðavögnum er raðað inn á svæðið.


Síðan er um að ræða þætti sem tengjast umgengni, slökkvibúnaði og meðferð elds. Að lokum getum við talað um forvarnirnar sem tengjast því að gestum eru veittar eðlilegar upplýsingar um allar aðstæður á svæðinu.

### **FORVARNIR TENGÐAR SKIPULAGI:**

1. Tjaldsvæðum á að skipta þannig upp að svæði fyrir tjöld séu aðskilin frá svæðum sem ætluð eru fyrir ferðavagna.

Þegar stærð tjaldsvæða meiri en 1000 m<sup>2</sup> verður að reita svæðin niður, þannig að hver reitur sé ekki stærri en 1000 m<sup>2</sup>. Síðan á að vera 6 m breitt autt svæði á milli reita. Götur á tjaldsvæðum eiga að vera minnst 5 m breiðar og þannig gerðar að þær henti fyrir slökkvibíla/ sjúkrabíla. Aðgangur slökkviliðs skal að jafnaði vera úr tveim áttum. Slökkviliðsstjóri getur gefið upplýsingar um öxulþunga, beygjuradís og annað sem máli skiptir. Einnig þarf að leita til hans varðandi mat á því hvort aðgengi að slökkvivatni sé fullnægjandi.

2. Standi tjöld og ferðavagnar of þétt saman er mikil hættu á að eldur breiðist út milli tjalda eða ferðavagna. Því þarf bil milli stakra tjalda minnst að vera 3 m. Þó má leyfa hópum að hafa allt að fjögur tjöld saman. Slökkviliðsstjóri getur einnig heimilað stærri tjaldborgir við sérstakar aðstæður. Bil á milli ferðavagna innbyrðis skal vera minnst 4 m. Sjá nánar lágmarksstærðir á mynd 1.
3. Margir ferðavagnar eru byggðir úr efnum sem brenna auðveldlega svo þeir verða aelda á skammri stundu. Komi upp eldur í ferðavagni er mikilvægt að hægt sé að draga burtu þá ferðavagna sem næstir eru. Því þarf að snúa vögnunum þannig að beislið snúi út að veginum. Bílum skal lagt þannig að auðvelt sé að aka þeim í burtu.



Mynd 1 Minnstu fjarlægðir milli tjalda, húsvagna og húsbíla. Mynd tekin af vef ræddningsverket.se

### **FORVARNIR TENGÐAR UMGENGNI, SLÖKKVIBÚNAÐI OG MEÐFERÐ ELDS:**

1. Allir starfsmenn tjaldsvæðisins eiga að hafa þekkingu á öryggismálum staðarins og hafa fengið kennslu í meðferð öryggistækja s.s. slökkvitækja.
2. Gestum á ekki að vera heimilt að kveikja varðelda eða bálkesti, nema á til þess gerðum stöðum og þá aðeins að fengnum öllum tilskyldum leyfum. Um stærri bál gilda sérstakar reglur, sem að sjálfsögðu verður að virða („Bálkestir og brennur“ sjá nánar á heimasíðu Brunamálastofnunar [www.brunamal.is](http://www.brunamal.is)).
3. Slökkvitæki, aðgengileg gestum þurfa að vera á öllum tjaldsvæðum. Mælt er með að notuð séu 6 kg ABC slökkvitæki. Fjarlægð milli tækja á mest að vera um 50 m. Staðsetning og merking þarf að vera þannig að gestir sjái slökkvitæki þegar þeir koma á tjaldsvæðið. Mælt er með að handslökkvitæki sé einnig hjá tjaldverði og þar sé jafnvel einnig brunaslanga. Slökkvibúnað þarf alltaf að yfirfara árlega.
4. Heppilegast er að ruslagámar séu úr stáli. Þar sem gámarnir eru úr plasti þurfa menn að vera vel meðvitaðir um eldhættuna sem getur stafar af þeim. Þeir verða því að fylgjast betur með slíkum gámasvæðum.

Umhverfis ruslatunnur/gáma skal gera skjólveggi. Fjarlægð frá skjólvegg að næsta tjaldi eða ferðavagni á ekki að vera minni er 4 metrar.

5. Þegar reist eru stærri samkomutjöld verður að tryggja fullnægjandi brunavarnir. En sérstakar reglur gilda um brunavarnir í samkomutjöldum þær má sjá í leiðbeiningum Brunamálastofnunar nr. 71.4 ([www.brunamal.is](http://www.brunamal.is)).

### **FORVARNIR TENGÐAR FRÆÐSLU:**

Algengast er að brunaslys á tjaldsvæðum verði vegna bruna í tjaldi eða ferðavagni viðkomandi gests. Því verður hver einstakur gestur í raun að taka ábyrgð á eigin öryggi og fara varlega með eld. En einnig þarf hann að hafa einhverja lágmarks þekkingu á aðstæðum til að geta brugðist rétt við ef upp kemur eldur.

Því er mikilvægt til að minnka hættuna á brunaslysi að kort eða yfirlitsmynd sem sýnir skipulag tjaldsvæðisins sé við aðkomu að tjaldstæði eða við þjónustumiðstöð. Þar komi fram skipulag svæðisins og lágmarksfjarlægðir milli eininga. Hvar slökkvibúnaður er staðsettur, flóttaleiðir frá tjaldsvæðinu og almennar öryggisreglur svæðisins. Að auki er mikilvægt að þar sé vakin athygli á:

1. Að menn gæti þess að tjalda ekki eða leggja ferðavögnum of þétt. Einnig að þeir leggi ferðavögnum þannig að beisli þeirra snúi að veginum, svo að hægt sé að draga þá burt ef það kviknar í næsta vagni. Svo og að bílum sé lagt þannig að auðvelt sé að aka þeim í burtu.
2. Að ekki sé heimilt að geyma brennanlegt efni s.s. húsgögn eða úrgang á auða svæðinu milli tjalda eða milli ferðavagna.
3. Að logandi grill skuli ekki að haft nær tjaldi eða ferðavagni en sem nemur 1.0 m.

4. Að ekki sé heimilt að vera með opinn eld eða kolagrill inni í tjöldum eða fortjöldum ferðavagna.
5. Að þegar skipt er um gaskúta á tækjum þá sé það gert utandyra á opnum svæðum. Jafnframt er æskilegt að vekja athygli á því að kanna þurfi reglulega ástand gastækja og slanga.
6. Að mikilvæg öryggistæki eins og reykskynjari og handslökkvitæki eigi ávallt að vera ferðavögnum. Þá minnst 2 kg ABC slökkvitæki. Þennan búnað þarf síðan að yfirfara árlega af hæfum aðila.

#### HEIMILDIR

Leiðbeiningarblaðið Bálkestir og brennur.

Leiðbeiningar 71.4 um brunavarnir í samkomutjöldum

<http://www.msbmyndigheten.se>

REGLUGERÐ 941/2002 um hollustuhætti.

Skipulagsreglugerð

Byggingarreglugerð

[http://www.raddningsverket.se/templates/SRV\\_Page.aspx?id=863](http://www.raddningsverket.se/templates/SRV_Page.aspx?id=863)

[http://www.umhverfisstofnun.is/media/skyrslur2004/Starfsleyfisskilyrði\\_tjaldstaedi\\_1\\_7\\_2004.pdf](http://www.umhverfisstofnun.is/media/skyrslur2004/Starfsleyfisskilyrði_tjaldstaedi_1_7_2004.pdf)

CFPA Guidelines nr. 20:2009 Fire Safety in Camping Sites sjá [www.cfpa-e.org](http://www.cfpa-e.org)